

Nd.

410. Frumvarp til laga

um sameining Blönduóskaupþúns í eitt hreppsfélag.

Flm.: Guðbr. Ísberg, Jón Pálmason, Emil Jónsson, Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Þann hluta Blönduóskaupþúns, sem vaxið hefir upp austan Blöndu, skal sameina Blönduóshreppi, og verði hreppamörk kaupþúnsins austan árinna úr Ámundakinn við Blöndu eftir brekkubrúnum í Mógil, norðan Blönduósbryggju.

2. gr.

Þann hluta jarðarinnar Ennis, sem samkv. 1. gr. leggst undir Blönduóshrepp, má taka eignarnámi handa hreppnum skv. lögum nr. 61 frá 1917, ef eigi næst samkomulag við eiganda um afhendingu landsins. Slikt eignarnám, ef framkvæmt verður, haggar eigi réttindum yfir lóðum eða ræktunarlöndum á umræddu svæði, er stofnuð hafa verið samkv. þinglesnum samningi.

3. gr.

Blönduóshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er verða framfærslustyrkþurfar vegna fæðingar eða dvalar í Blönduóskaupþúni austan Blöndu.

4. gr.

Blönduóshreppur greiðir Engihlíðarhreppi bætur eftir mati fyrir missi útsvarstekna úr Blönduóskaupþúni, atstan Blöndu. Matið skal framkvæma með hliðsjón af eðlilegum útgjöldum, er af viðvarandi sambandi kaupþúnshlutans við Engihlíðarhrepp mundi leiða, og með hliðsjón af breytileik þeim, er at-

vinnuútsvarsstofnar eru háðir. Skuldlaus eign Engihlíðarhrepps sé einnig höfð til hliðsjónar við matið, miðað við núverandi íbúatölu hreppsins, til lækkunar umræddum bótum.

Mati þessu má skjóta til yfirmats, ef annarhvor aðilja vill ekki við það una. Hvorttveggja matið skal framkvæma, eftir því sem við verður komið, í samræmi við reglur þær, er um eignarnám gilda samkv. lögum nr. 61 frá 1917.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlötið staðfestingu konungs. Menn, búsettir í Blönduóskaupúni, austan Blöndu, skulu þó takdir heimilisfastir í Blönduóshreppi frá 1. jan. næstk. að telja, enda tekur Blönduóshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

Greinargerð.

Blönduóskaupún vestan Blöndu var fyrir nokkrum árum (1914) gert að sérstöku hreppsfélagi. Þá þegar hafði kaupúnið vaxið austur fyrir ána inn í Engihlíðarhrepp, og hefir sá vöxtur haldið áfram. Vegna mótstöðu Engihlíðarhrepps hefir eigi verið unnt að ná samkomulagi um, að sá hluti kaupúnsins, er austan Blöndu liggur, yrði sameinaður hinum nýja hreppi.

Eftir því sem lengra hefir liðið, hefir það komið berar og berar í ljós, að þessi tvískipting kaupúnsins er óhagkvæm og óhafandi. Hefir nú verið hafizt handa af íbúum kaupúnsins beggja megin árinna, að vinna að sameiningu þess í eitt hreppsfélag, og hefir nefnd verið kosin til þess að hrinda því máli áfram. Bréf þeirrar nefndar til Alþingis, viðvikjandi þessu máli, fylgir hér á eftir, og vísast nánar til þess um ástæður og rök, er færð eru fram fyrir nauðsyn sameiningarinnar.

Fylgiskjal.

Árið 1875 var löggiltur verzlunarstaður við Blönduós, og spratt brátt upp nokkur byggð á eyrinni sunnan við ármynnið. Lending var þó betri og öruggari fyrir norðan ána, og eftir að brú var komin á Blöndu, var lagt þar allmikið fé til bryggjugerðar. Skammt frá bryggjunni byggði Kaupfélag og síðar einnig Sláturfélag Austur-Húnvetninga hús sín. Kaupúnið varð því í tveimur hreppum, Torfalækjarhreppi sunnan árinna og Engihlíðarhreppi norðan hennar. Árið 1914 var Torfalækjarhreppi skipt og Blönduóshreppur stofnaður, en sá hluti kaupúnsins, sem var utan Blöndu, fylgdi ekki með í myndun hins nýja hrepps, vegna þess að kaupúnið hafði þá ekki 300 íbúa og hafði því ekki rétt til að verða sérstakt hreppsfélag, nema með samkomulagi við móðurhreppana, en slíkt samkomulag fékkst ekki að því er Engihlíðarhrepp snerti. Síðan hefir sá hluti kaupúnsins, sem liggur innan vébanda þess hrepps, vaxið tiltölulega meira, því verzlunin við kaupfélagið hefir aukizt jafnt og þétt, svo

nú er upp undir 90% af allri fjártöku í haustkaupþíð þeim megin árinna. Þar er og auk kaupfélagsins kvennaskólinn, sem er mjög fjölsóttur veitinga- og gististaður á sumrum, og 8 íbúðarhús, en allur þorri þeirra verkamanna, sem vinna við kaupfélagið og skipaafgreiðslu, býr þó sunnan árinna, í Blönduóshreppi. Hér hagar því svo einkennilega til, að lendingarstaður og bryggja, skipaafgreiðsla, aðalverzlunin og veitingastaður sá, sem einkum tekur á móti hinum sívaxandi ferðamannastraumi, er að vísu í Blönduóskaupþúni, en utan takmarka Blönduóshrepps.

Hvert bæjarfélag eða kaupþúnshreppsfélag hefir aðaltekjur sínar af höfn sinni og verzlun, en Blönduóshreppur er undantekning í þessu efni. Honum er ætlað að standa straum af fátækraframfæri og menningarþörfum þeirra manna, sem við þessi fyrirtæki vinna, en er sviptur af þeim tekjunum. Þær renna til annars hrepps, utan kaupþúnsins, hrepps, sem virðist skoða menningarmál þess sér óviðkomandi. Engihlíðarhreppur hefir auðgast á þessari óeðlilegu aðstöðu, svo hann er nú langbezt stæði hreppur sýslunnar, með kr. 31203,41 í eign, skv. hreppsreikningi fyrir 1934, en fátækraframfæri hans það ár er kr. 1602,97. Skuldlaus eign Blönduóshrepps á sama tíma er kr. 11306,55 og fátækraframfæri kr. 4043,42.

Þessi skipting kaupþúnsins í tvö hreppsfélög verður eftir því óeðlilegi sem árin líða, einkum fyrir þá sök, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps er mjög ófús til allrar samvinnu við Blönduóshrepp um sameiginleg framfaramál kaupþúnsins. Virðist hún vilja útiloka íbúana utan árinna frá öllu samneyti við íbúana sunnan hennar, af ótta við það, að allt kaupþúnið verði sameinað í eitt hreppsfélag. Það er aðgætaði, að skipaafgreiðslan, kaupfélagið og sláturfélagið hafa borgað allverulegan hluta af útsvörum Engihlíðarhrepps, án þess að nokkuð hafi verið látið rakna af mörkum úr hreppssjóði til þarfa kaupþúnsins í staðinn. Sést þetta bezt á niðurjöfnun útsvara fyrir árið 1934. Þá var jafnað niður í Engihlíðarhreppi kr. 6083,00, þar af kr. 2718,00 á kaupþúnshlutann utan Blöndu, en enginn af íbúunum þar hefir þegið neitt af sveit og ekkert verið lagt fram til sameiginlegra menningarmála kaupþúnsins.

Þau mál, sem að réttu lagi ættu að vera sameiginleg fyrir þetta kaupþún eins og önnur, eru meðal annars:

Fátækramál: Þar kennir hins mesta ósamræmis, því útsvör langstærsta fyrirtækisins renna út úr kaupþúninu, þrátt fyrir allmikil sveitarþyngsli meðal fyrrverandi og núverandi verkamanna þessa fyrirtækis, þeirra, sem fyrir sunnan ána búa.

Fræðslumál: Sunnan árinna er fastaskóli með 2 kennurum, en of fáum börnum til þess að þeir hafi nóg að gera. Samt sem áður ganga börnin utan árinna ekki í þennan skóla, heldur ráðstafar skólanefnd Engihlíðarhrepps þeim í farskóla, sem ýmist er haldinn í súðarherbergi þar niðri í kaupþúninu, eða uppi í sveit, þar sem koma verður börnunum fyrir, oft og tíðum í lélegu húsnæði.

Heilbrigðismál: Sameiginleg heilbrigðissamþykkt fyrir kaupþúnið strandaði á síðasta sýslufundi fyrir þá sök, að hreppsnefnd Engihlíðarhrepps neitaði samvinnu um það mál. Sama máli gegnir með ljósmæðraskipunina. Hrepps-

nefnd Engihlíðarhrepps hefir sett sig á móti því, að umdæmi ljósmóðurinnar á Blönduósi næði út fyrir ána, og verða því konur þar að sækja ljósmóður 15 km. veg upp í sveit, þótt ekki sé nema 1—2 km. til ljósmóðurinnar sunnan árinna.

Kirkjumál: Íbúar kaupsins utan Blöndu eru í Höskuldsstaðasókn, og er 12—13 km. vegur til sóknarkirkju þeirra, en auðvitað nota þeir aðallega kirkjuna og kirkjugarðinn á Blönduósi, án þess að neitt af sóknargjöldum þeirra renni þangað.

Lögreglumál: Sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Blönduóskaupþún er ekki hægt að fá, meðan hreppsnefnd Engihlíðarhrepps neitar samvinnu um málefni kaupsins, en slík samþykkt er mjög nauðsynleg, og yrði auðvitað að gilda einnig utan árinna, þar sem umferðin er mest.

Byggingarmál: Sama máli gegnir um byggingarsamþykkt og skipulagsmál.

Brunamál: Sameiginlegar brunavarnir fyrir allt kaupþúnið er nauðsynjamál, sem ekki hefir náð fram að ganga vegna þess skorts á samvinnu, sem ríkir meðan það er skipt milli tveggja hreppsfélaga.

Rafveitumál: Með hinni nýju rafstöð er tryggt mikið og ódýrt rafmagn fyrir alla íbúa kaupsins, og stendur Blönduóshreppur stráum af rafveitunni að $\frac{1}{3}$, en Engihlíðarhreppur hefir þar ekkert lagt af mörkum, þótt íbúarnir utan árinna njóti þar sömu kjara og þeir sunnan árinna.

Ræktunarmál: Blönduóshreppur keypti fyrir nokkrum árum jörðina Hnjúka, og er þar nú að aukast ræktun lands með ári hverju, sem bætir ekki lítið úr rýrri atvinnu hreppsbúa. Norðan árinna hefir Engihlíðarhreppur fram að þessu ekki útvegað kaupþúnsum neitt land, og greiða þeir nú 20 krónur á ári í hagatoll fyrir hverja kú, en sunnan árinna er hagatollur á sama tíma 12 krónur fyrir kúna.

Atvinnumál: Það stendur mjög í vegi fyrir öllum framkvæmdum, sem miðað gætu að aukinni atvinnu fyrir kaupþúnsum, að kaupþúnið er ekki eitt hreppsfélag, auk þess sem Blönduóshreppur er með því sviptur tekjum, sem honum ber að réttu lagi og verja mætti til að auka og bæta lífsskilyrði íbúanna.

Hin óeðlilega skipting þessa litla kaupþúns milli tveggja hreppsfélaga orsakar þannig glundroða og skipulagsleysi í öllum menningar- og þrifamálum íbúanna, enda er nú vaknaður meðal þeirra mjög mikill og almennur áhugi fyrir því að sameina kaupþúnshlutana í eitt hreppsfélag. Á sameiginlegum fundi, sem boðaður var af íbúunum beggja megin árinna og haldinn var 15. sept. síðastl., var það samþykkt í einu hljóði að vinna að sameiningu kaupþúnsins, og var kosin 7 manna nefnd til að undirbúa það mál. Nefnd þessi byrjaði starf sitt á því að skrifa hreppsnefnd Engihlíðarhrepps bréf, dags. 16. sept., sem fylgir hér með í afriti, til þess að ræða við hana um afhendingu kaupþúnshlutans utan árinna, en hreppsnefndin hefir ekki svarað því bréfi á neinn hátt. Virðist því ekki vera önnur leið fyrir hendi en að leysa þetta mál án samkomulags við hreppsnefndina, enda þótt slíkt samkomulag hefði verið í alla staði æskilegast.

Svo að segja allir kjósendur í Blönduóshreppi og um $\frac{2}{3}$ kjósenda í kaup-

túnshlutanum utan Blöndu hafa undirskrifað áskorun til háttvirts Alþingis um sameiningu kaupsins. Mælir vitanlega öll sanngirni með því, en auk þess virðist kaupsnið eiga til þess lagalega kröfu, því skv. sveitarstjórnarlög- unum á hvert kaupsnið með yfir 300 íbúa heimtingu á að verða sérstakt hrepps- félag. Nú er hér í kaupsninu hátt á 4. hundrað íbúa, en kaupsnið getur ekki kallast sjálfstætt hreppsfélag, meðan annar hreppur, sem ekki er í neinu lif- rænu sambandi við kaupsnið, notar þann hluta þess, sem að réttu lagi er kjarni þess hvað atvinnulíf snertir, sem nýlendu og mjólkurkú. Verður ekki lengur við slíkt ranglæti unað, og leyfum vér oss því fyrir hönd alls þorra Blönduós-búa af öllum flokkum að skora á hið háa Alþingi, að það samþykki nú þegar lög um stækkun Blönduóshrepps, svo hann nái yfir allt Blönduós- kaupsnið báðumegin Blöndu. Sameiginleg menningar- og framfaramál þessa litla kaupsins þyrftu þá ekki lengur að stranda á sundurlimum þess milli tveggja illa samhentra hreppsfélaga, eins og nú á sér stað.

Virðingarfyllt

Sameiningarnefnd Blönduóskaupsins

Blönduósi, 15. október 1935.

P. V. G. Kolka
(formaður)

Stgr. Davíðsson
(ritari)